Orkuveitan

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 30. júní 2026

Orkuveita Reykjavíkur
kt. 551298-3029
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Efnisyfirlit


Mælikvarðar og umfang þjónustu	3
Yfirlit stjórnenda	4
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	5
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	7
Yfirlit um heildarafkomu	8
Efnahagsreikningur	9
Eiginfjáryfirlit	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12

Orkuveitan leggur sérstaka áherslu á þessi Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfseminni:




Mælikvarðar


Eiginfjárhlutfall




Arðsemi heildareigna



Nettó skuldir / handbært fé frá rekstri




Veltufjárhlutfall án álafleiðu



*Leiðrétt fyrir uppgjöri vegna gjaldmiðlasamnings við Glitni

Þjónustan



Yfirlit stjórnenda

Rekstrarár	**2026**	**2025**	**2024**	**2023**	**2022**
	1.1. - 30.6.	**1.1. - 30.6.**	**1.1. - 30.6.**	**1.1. - 30.6.**	**1.1. - 30.6.**
Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs í milljónum kr.					
Rekstrartekjur	38.008	34.397	33.424	30.139	28.542
Rekstrarkostnaður	(14.266)	(14.162)	(13.822)	(12.281)	(10.716)
þ.a. orkukaup og flutningur	(2.654)	(3.230)	(3.794)	(3.453)	(3.505)
EBITDA	**23.742**	**20.235**	**19.602**	**17.858**	**17.827**
Afskriftir	(9.221)	(8.557)	(8.316)	(7.687)	(6.796)
Rekstrarhagnaður EBIT	**14.521**	**11.677**	**11.286**	**10.172**	**11.031**
Sjóðstreymi					
Innleystar vaxtatekjur	201	188	98	62	21
Greidd vaxtagjöld	(4.415)	(4.250)	(3.927)	(3.553)	(2.418)
Handbært fé frá rekstri	18.851	18.727	17.356	14.718	14.197
Veltufé frá rekstri	18.185	15.867	14.556	13.912	13.565
Lausafé	**30.6.2026**	**30.6.2025**	**30.6.2024**	**30.6.2023**	**30.6.2022**
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf	14.772	14.418	10.359	11.414	14.465
Handbært fé	15.541	20.616	14.598	7.837	7.650
Óádregnar lánalínur	20.300	15.165	13.805	8.850	7.709
Lausafé samtals	50.614	50.199	38.762	28.101	29.824

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur (Orkuveitan) er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Lögbundið hlutverk Orkuveitunnar er að stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig hefur Orkuveitan með höndum starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. geymslu koldíoxíðs og annarra vatnsleysanlegra gastegunda í jörðu.

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga*. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Orkuveitunnar og dótturfélaga.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026 nam 4.897 milljónum kr. (1.1.-30.6.2025: hagnaður að fjárhæð 4.904 milljónir kr.). Heildarafkoma samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026 var jákvæð um 5.615 milljónir kr. (1.1.-30.6.2025: neikvæð um 3.980 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 552.073 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2025: 537.907 milljónir kr.). Eigið fé nam 284.382 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2025: 282.267 milljónir kr.) og er eiginfjárhlutfall samstæðunnar 51,5% (31.12.2025: 52,5%).

Í upphafi ársins sem og í lok tímabilsins voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru:

	Eignarhluti
Reykjavíkurborg	93,539%
Akraneskaupstaður	5,528%
Borgarbyggð	0,933%

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra
Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga*. Að áliti stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2026 ásamt rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026.

Reykjavík, 31. ágúst 2026.

Í stjórn fyrirtækisins:

Ari Edwald
Einar Þorsteinsson
Ásta Dís Óladóttir
Skúli Þór Helgason
Ragnheiður Björk Halldórsdóttir
Ragnar Baldvin Sæmundsson

Forstjóri:

Sævar Freyr Þráinsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026, sem hefur að geyma rekstraryfirlit og helstu kennitölur, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og forstjóri fyrirtækisins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar
Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun
Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar".

Reykjavík, 31. ágúst 2026.

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Bjarni Már Jóhannesson
Löggiltur endurskoðandi

Sturla Jónsson
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur
1. janúar til 30. júní 2026

	Skýr.	2026 1.4. - 30.6.	2025 1.4. - 30.6.	2026 1.1. - 30.6.	2025 1.1. - 30.6.
Rekstrartekjur	4	17.758.875	15.510.425	38.787.403	34.360.729
Innlausn álvarna		(500.394)	37.188	(803.613)	9.725
Söluhagnaður		1.119	10.421	24.275	26.467
Rekstrartekjur samtals		17.259.600	15.558.034	38.008.065	34.396.920
Orkukaup og flutningur		(1.251.685)	(1.688.098)	(2.653.570)	(3.230.472)
Laun og launatengd gjöld	6	(3.146.042)	(3.057.939)	(6.209.168)	(5.805.387)
Annar rekstrarkostnaður		(2.862.017)	(3.044.648)	(5.403.227)	(5.126.453)
Rekstrarkostnaður samtals		(7.259.744)	(7.790.685)	(14.265.964)	(14.162.313)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		9.999.856	7.767.350	23.742.101	20.234.607
Afskriftir	7	(4.626.044)	(4.254.378)	(9.221.391)	(8.557.205)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		5.373.812	3.512.972	14.520.710	11.677.402
Vaxtatekjur		268.312	398.871	392.869	715.774
Vaxtagjöld		(4.289.624)	(4.204.736)	(9.862.180)	(7.804.731)
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum		596.052	452.567	423.876	754.158
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	8	(3.425.260)	(3.353.297)	(9.045.435)	(6.334.798)
Áhrif hlutdeildarfélaga		(4.991)	0	(1.423)	2.902
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.943.562	159.675	5.473.852	5.345.507
Tekjuskattur		(100.144)	281.194	(576.678)	(441.039)
Hagnaður tímabilsins		1.843.418	440.869	4.897.174	4.904.468
Skipting hagnaðar:					
Eigendur fyrirtækisins		1.843.592	441.118	4.897.589	4.904.888
Minnihluti í dótturfélögum		(174)	(250)	(415)	(420)
Hagnaður tímabilsins		1.843.418	440.869	4.897.174	4.904.468

Skýringar á bls. 12-23 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Yfirlit um heildarafkomu
1. janúar til 30. júní 2026

	2026 1.4. - 30.6.	2025 1.4. - 30.6.	2026 1.1. - 30.6.	2025 1.1. - 30.6.
Hagnaður tímabilsins	1.843.418	440.869	4.897.174	4.904.468
Önnur heildarafkoma				
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning				
Þýðingarmunur	817.374	(5.572.865)	717.422	(8.884.081)
Önnur heildarafkoma eftir skatta	817.374	(5.572.865)	717.422	(8.884.081)
Heildarafkoma	2.660.791	(5.131.997)	5.614.596	(3.979.614)
Skipting heildarafkomu:				
Eigendur fyrirtækisins	2.660.969	(5.131.753)	5.614.991	(3.979.204)
Minnihluti í dótturfélögum	(178)	(244)	(396)	(410)
Heildarafkoma tímabilsins	2.660.791	(5.131.997)	5.614.596	(3.979.614)

Skýringar á bls. 12-23 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2026

	Skýr.	30.6.2026	31.12.2025
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	481.756.648	475.262.068
Óefnislegar eignir	11	7.220.551	7.006.283
Leigueign		2.424.620	2.365.818
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum		90.220	91.643
Eignarhlutar í öðrum félögum		6.230.898	6.230.898
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		1.820.051	2.472.133
Skatteign		6.521.531	5.978.833
Fastafjármunir samtals		506.064.518	499.407.676
Birgðir		1.814.104	1.793.214
Viðskiptakröfur	9	10.403.720	7.389.894
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		1.334.629	1.238.391
Aðrar skammtímakröfur		964.312	1.167.572
Fyrirframgreiddur kostnaður		1.178.572	718.274
Markaðsverðbréf		14.772.283	15.364.438
Handbært fé		15.541.297	10.827.295
Veltufjármunir samtals		46.008.916	38.499.080
Eignir samtals		552.073.434	537.906.756
Eigið fé			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna		138.179.066	140.971.351
Bundinn hlutdeildarreikningur		115.482.702	108.080.431
Bundið eigið fé vegna þróunar		444.927	320.361
Gangvirðisreikningur		5.807.000	5.807.000
Þýðingarmunur		3.734.590	3.017.188
Óráðstafað eigið fé		20.734.924	24.071.886
Eigið fé móðurfyrirtækis		284.383.208	282.268.217
Hlutdeild minnihluta		(1.308)	(913)
Eigið fé samtals		284.381.900	282.267.305
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir		198.118.534	191.144.457
Leiguskuld		2.391.110	2.363.640
Lífeyrisskuldbinding		766.003	724.633
Áhættuvarnarsamningar		186.543	355.333
Fyrirframinnheimtar tekjur		1.633.667	1.694.761
Tekjuskattsskuldbinding		25.212.352	25.449.668
Langtímaskuldir samtals		228.308.211	221.732.491
Viðskiptaskuldir		3.788.919	3.762.409
Vaxtaberandi skuldir		19.324.137	20.949.416
Leiguskuld		176.121	172.448
Áhættuvarnarsamningar		631.865	746.177
Fyrirframinnheimtar tekjur	9	3.072.970	287.123
Tekjuskattur til greiðslu		1.807.622	2.846.141
Arður til eigenda		3.500.000	0
Aðrar skammtímaskuldir		7.081.688	5.143.247
Skammtímaskuldir samtals		39.383.323	33.906.960
Skuldir samtals		267.691.534	255.639.451
Eigið fé og skuldir samtals		552.073.434	537.906.756

Skýringar á bls. 12-23 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2026

	Endurmats-reikningur rekstrarfjárm.	Bundinn hlutdeildar-reikningur	Bundið eigið fé v. þróunar	Gangvirðis-reikningur	Þýðingar-munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé meirihluta-eigenda	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
1.1.-30.6. 2026									
Eigið fé 1. janúar 2026	140.971.351	108.080.431	320.361	5.807.000	3.017.188	24.071.886	282.268.217	(913)	282.267.305
Þýðingarmunur					717.402		717.402	20	717.422
Hagnaður tímabilsins						4.897.589	4.897.589	(415)	4.897.174
Heildarafkoma	0	0	0	0	717.402	4.897.589	5.614.991	(396)	5.614.596
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(2.792.285)					2.792.285	0		0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélögum umfram móttekinn arð		7.402.271				(7.402.271)	0		0
Bundið eigið fé vegna þróunar			124.565			(124.565)	0		0
Greiddur arður						(3.500.000)	(3.500.000)		(3.500.000)
Eigið fé 30. júní 2026	138.179.066	115.482.702	444.927	5.807.000	3.734.590	20.734.924	284.383.209	(1.308)	284.381.900
1.1.-30.6. 2025									
Eigið fé 1. janúar 2025	127.809.202	94.950.622	218.177	5.807.000	9.838.598	27.108.582	265.732.181	(219)	265.731.962
Þýðingarmunur					(8.884.092)		(8.884.092)	10	(8.884.081)
Hagnaður tímabilsins						4.904.888	4.904.888	(420)	4.904.468
Heildarafkoma	0	0	0	0	(8.884.092)	4.904.888	(3.979.204)	(410)	(3.979.614)
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(2.516.234)					2.516.234	0		0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélögum umfram móttekinn arð		7.031.307				(7.031.307)	0		0
Bundið eigið fé vegna þróunar			34.081			(34.081)	0		0
Greiddur arður						(6.500.000)	(6.500.000)		(6.500.000)
Eigið fé 30. júní 2025	125.292.968	101.981.929	252.258	5.807.000	954.507	20.964.316	255.252.977	(629)	255.252.349

Skýringar á bls. 12-23 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit
1. janúar til 30. júní 2026

		2026 1.1. - 30.6.	2025 1.1. - 30.6.
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		4.897.174	4.904.468
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	8	9.045.435	6.334.798
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga		1.423	(2.902)
Tekjuskattur		576.678	441.039
Afskriftir	7	9.221.391	8.557.205
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		(24.275)	(26.467)
Lífeyrisskuldbinding, breyting		41.371	707
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		23.759.197	20.208.848
Birgðir, hækkun		(20.889)	(14.152)
Skammtímakröfur, hækkun		(2.906.220)	(125.882)
Skammtímaskuldir, hækkun		3.458.110	3.496.220
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		24.290.198	23.565.034
Innborgaðar vaxtatekjur		200.843	187.749
Greidd vaxtagjöld		(4.415.373)	(4.250.450)
Móttekinn arður		1.195	1.195
Greiddir skattar		(1.226.225)	(776.112)
Handbært fé frá rekstri		18.850.639	18.727.416
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10	(14.090.993)	(13.089.573)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	11	(739.712)	(634.485)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		54.068	53.363
Sala á eignarhlutum í félögum		0	17.484
Breyting á markaðsverðbréfum		1.019.102	(2.574.893)
Fjárfestingarhreyfingar		(13.757.537)	(16.228.105)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		10.949.760	16.582.449
Afborganir langtímaskulda		(11.114.661)	(11.364.640)
Fyrirframinnheimtar tekjur		(74.490)	65.545
Greiddur arður		0	(3.250.000)
Afborganir leiguskulda		(52.160)	(70.280)
Fjármögnunarhreyfingar		(291.551)	1.963.074
Hækkun á handbæru fé		4.801.551	4.462.386
Handbært fé í ársbyrjun		10.827.295	16.438.122
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(87.550)	(284.838)
Handbært fé í lok tímabilsins		15.541.297	20.615.670
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10	(157.874)	811.193
Skammtímaskuldir/-kröfur, breyting		3.509.344	2.290.735
Greiddur arður		(3.500.000)	(3.250.000)
Móttekinn arður		148.529	148.071
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri		18.184.551	15.867.095

Skýringar á bls. 12-23 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Orkuveita Reykjavíkur (Orkuveitan) er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveitan er með höfuðstöðvar á Íslandi að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Orkuveitunnar geymir árshlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar") og hlutdeild í hlutdeildarfélögum. Samstæðuárshlutareikningur Orkuveitunnar er hluti af samstæðuárshlutareikningi

Samstæðan veitir þjónustu í gegnum dótturfélög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu, ljósleiðara og kolefnisförgun á þjónustusvæði sínu.

		Starfrækslu-gjaldmiðill	Eignarhluti	
Dótturfélög í samstæðunni	**Meginstarfsemi**		**30.6.2026**	**31.12.2025**
Ljósleiðarinn ehf.	Gagnaflutningar	ISK	100%	100%
OR Eignir ohf.	Eignarhaldsfélag	ISK	100%	100%
Veitur ohf.	Uppbygging og rekstur veitukerfa	ISK	100%	100%
Orka náttúrunnar ohf.	Vinnsla og sala rafmagns	ISK	100%	100%
ON Power ohf.	Vinnsla og sala rafmagns	USD	100%	100%
OR vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi	ISK	100%	100%
Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun	ISK	99,96%	99,96%
Carbfix hf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun	EUR	100%	100%
Coda Terminal hf.	Uppbygging og rekstur á móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð	EUR	100%	100%

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2025. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2025. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu á vef þess www.orkuveitan.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins 31. ágúst 2026.

b. *Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill Orkuveitunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

c. *Matsaðferðir*

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis, innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, eignarhlutar í öðrum félögum og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 40 með ársreikningi 2025.

d. *Erlendir gjaldmiðlar*

i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.

d. ***Erlendir gjaldmiðlar***

ii) ***Dótturfélög með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu***

Eignir og skuldir starfsemi félaga samstæðunnar sem hafa bandaríkjadal (USD) og evru (EUR) sem starfrækslugjaldmiðil eru umreiknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þessara starfsemi eru umreiknuð í ISK á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu er seld, að hluta til eða að öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

e. ***Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða***

Gerð samstæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga

Eftirfarandi eru upplýsingar um starfsemi samstæðufélaga. Sundurliðun tekna eftir afurðum er að finna í skýringu nr. 4 og tekjur eftir starfsþáttum í skýringu nr. 5.

	Vörur og þjónusta	Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar
a.	Sala á rafmagni	ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu og sölu á rafmagni og Veitur ohf. dreifa rafmagni skv. gjaldskrá. Tekjur af sölu og dreifingu á raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og á föstu gjaldi. Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi raforku og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á rafmagni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er undantekning.
b.	Sala á heitu vatni	Veitur ohf., ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu á heitu vatni og Veitur ohf. annast dreifingu á heitu vatni. Tekjur af sölu og dreifingu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi hitaveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á heitu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er undantekning.

3. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga, frh.

	Vörur og þjónusta	Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar
c.	Sala á köldu vatni	OR vatns- og fráveita sf. annast öflun og dreifingu á köldu vatni. Tekjur af sölu á köldu vatni taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár félagsins er 0,5% af fasteignamati. Að auki eru tekjur færðar samkvæmt mældri notkun á köldu vatni hjá tiltekinni atvinnustarfsemi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi vatnsveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á köldu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.
d.	Fráveita	OR vatns- og fráveita sf. annast rekstur fráveitu. Tekjur fráveitu taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár er 0,5% af fasteignamati. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi fráveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna fráveitu hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.
e.	Aðrar tekjur	Ljósleiðarinn ehf. sér um rekstur ljósleiðarakerfis. Tekjur af ljósleiðarakerfi eru færðar við afhendingu á vöru og þjónustu. Um er að ræða samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Fjarskiptastofu. Orkuveitan sér um leigu á húsnæði og búnaði, tilfallandi sölu á sérfræðiþjónustu og fleiru. Tekjur Carbfix félaganna eru vegna ráðgjafar, uppbyggingar og rekstrar á förgunarstöðum. Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Aðrar tekjur eru færðar við afhendingu á vöru eða þjónustu. Viðskiptakröfur vegna annarra tekna og leigutekna hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest.

4. Tekjur af vöru- og þjónustusölu

Tekjur samstæðunnar af sölu á vörum og þjónustu sundurliðast þannig:

	2026	**2025**
	1.1. - 30.6.	**1.1. - 30.6.**
Rafmagn	14.836.048	13.958.927
Heitt vatn	12.935.790	10.221.302
Kalt vatn	2.155.220	2.051.757
Fráveita	3.944.745	3.699.829
Aðrar tekjur	4.915.600	4.428.914
Tekjur af vöru- og þjónustusölu samtals	38.787.403	34.360.729

5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir innri upplýsingagjöf Orkuveitunnar. Starfsþættir sem eru birtir eru Veitur, sem samanstanda af veiturekstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, Orkusala og framleiðsla vegna samkeppnisreksturs í framleiðslu og sölu rafmagns og heits vatns auk Annarrar starfsemi sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins, Ljósleiðarans og Carbfix félaganna. Móðurfyrirtækið sér um þjónustu við dótturfélög, leigu húsnæðis og búnaðar, tilfallandi sölu sérfræðiþjónustu og fleira. Ljósleiðarinn sér um rekstur ljósleiðarakerfis og Carbfix félögin vinna að þróun og útbreiðslu Carbfix kolefnisbindingaraðferðarinnar með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsaloftegunda og sporna gegn loftlagsbreytingum. Við gerð starfsþáttayfirlits er notast við sömu reikningsskilareglur og samstæðan notast við og lýst er í skýringu 40 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2025.

Rekstrarstarfsþættir - svið **1.1.-30.6. 2026**	**Veitur**	**Orkusala og framleiðsla**	**Önnur starfsemi**	**Jöfnunar-færslur**	**Beiting IFRS 16***	**Samtals**
Tekjur frá þriðja aðila	25.181.049	9.485.046	3.341.970	0		38.008.065
Tekjur innan samstæðu	3.949.343	5.741.083	5.986.957	(15.677.383)		0
Tekjur starfsþátta	29.130.392	15.226.129	9.328.927	(15.677.383)		38.008.065
Rekstrargjöld starfsþátta	(15.344.269)	(6.173.088)	(8.455.400)	15.580.690	126.103	(14.265.964)
Rekstrarhagnaður starfsþátta, EBITDA	13.786.124	9.053.041	873.527	(96.693)	126.103	23.742.101
Afskriftir	(4.356.347)	(3.057.372)	(1.850.102)	98.106	(55.676)	(9.221.391)
Afkoma starfsþátta, EBIT	9.429.776	5.995.669	(976.575)	1.413	70.426	14.520.710
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(5.088.542)	(1.332.577)	(2.051.072)	(530.475)	(42.768)	(9.045.435)
Áhrif hlutdeildarfélaga	0	0	(1.423)	0		(1.423)
Tekjuskattur	(681.917)	(923.706)	830.347	208.998	(10.399)	(576.678)
Hagnaður (tap) tímabilsins	3.659.317	3.739.386	(2.198.723)	(320.065)	17.258	4.897.174
1.1.-30.6. 2025						
Tekjur frá þriðja aðila	21.800.365	9.463.544	3.133.012	0		34.396.920
Tekjur innan samstæðu	2.917.860	4.647.859	5.826.968	(13.392.686)		0
Tekjur starfsþátta	24.718.224	14.111.403	8.959.980	(13.392.686)		34.396.921
Rekstrargjöld starfsþátta	(13.805.775)	(5.559.701)	(8.230.578)	13.298.588	135.153	(14.162.313)
Rekstrarhagnaður starfsþátta, EBITDA	10.912.450	8.551.702	729.402	(94.098)	135.153	20.234.607
Afskriftir	(3.901.657)	(3.051.720)	(1.626.968)	97.209	(74.070)	(8.557.205)
Afkoma starfsþátta, EBIT	7.010.793	5.499.982	(897.566)	3.110	61.083	11.677.402
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2.880.331)	(1.289.239)	(2.389.712)	267.229	(42.743)	(6.334.798)
Áhrif hlutdeildarfélaga	0	0	2.902	0		2.902
Tekjuskattur	(411.437)	(906.978)	974.572	(90.300)	(6.896)	(441.039)
Hagnaður (tap) tímabilsins	3.719.024	3.303.764	(2.309.804)	180.040	11.444	4.904.468

***** Upplýsingar sem stjórnendur horfa til vegna starfsþátta taka ekki mið af reglum IFRS 16.

5. Starfsþáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfsþættir - svið, frh.	Veitur	Orkusala og framleiðsla	Önnur starfsemi	Jöfnunar-færslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
Efnahagur (30.6.2026)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	270.050.093	152.604.543	66.453.183	(130.620)		488.977.199
Leigueignir					2.424.620	2.424.620
Aðrar eignir	36.920.973	9.318.203	237.371.657	(222.939.217)		60.671.616
						552.073.434
Vaxtaberandi skuldir	102.951.604	49.340.081	225.493.463	(160.342.476)		217.442.672
Leiguskuldir					2.567.232	2.567.232
Aðrar skuldir	25.827.044	15.481.569	70.987.058	(64.614.041)		47.681.631
						267.691.534
Fjárfestingar (1.1.-30.6.2026)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	9.009.721	3.777.633	2.201.225			14.988.579
Efnahagur (31.12.2025)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	265.396.719	150.865.228	66.163.148	(156.744)		482.268.351
Leigueignir					2.365.818	2.365.818
Aðrar eignir	31.663.552	8.703.721	216.648.010	(203.742.697)		53.272.587
						537.906.755
Vaxtaberandi skuldir	97.215.462	50.258.169	218.593.872	(153.973.631)		212.093.872
Leiguskuldir					2.536.088	2.536.088
Aðrar skuldir	21.561.709	14.616.912	56.974.801	(52.143.931)		41.009.491
						255.639.451
Fjárfestingar (1.1.-30.6.2025)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	7.230.091	2.676.647	3.006.126			12.912.864

***** Upplýsingar sem stjórnendur horfa til vegna starfsþátta taka ekki mið af reglum IFRS 16.

6. Laun og launatengd gjöld

	2026 1.1. - 30.6.	2025 1.1. - 30.6.
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	5.738.822	5.443.679
Mótframlag í lífeyrissjóði	726.815	691.430
Breyting lífeyrisskuldbindingar	85.432	39.875
Önnur launatengd gjöld	493.139	492.940
Laun og launatengd gjöld samtals	7.044.207	6.667.925
Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í árshlutareikninginn:		
Gjaldfært í rekstrarreikningi	6.209.168	5.805.387
Eignfært á framkvæmdir	835.039	862.538
Laun og launatengd gjöld samtals	7.044.207	6.667.925
Starfsfólk:		
Fjöldi ársverka	666,3	677,0
Starfskjör stjórna, forstjóra og framkvæmdastjóra/-stýra móðurfyrirtækis og dótturfélaga greinast þannig:		
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð stjórnar móðurfyrirtækis	13.109	13.513
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð forstjóra móðurfyrirtækis	27.817	26.587
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð framkvæmdastjóra/-stýra móðurfyrirtækis	65.597	63.274
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð stjórna dótturfélaga	25.608	25.544
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð fjögurra framkvæmdastjóra dótturfélaga	92.873	89.622
Starfslokagreiðslur og uppgjör orlofs	15.875	0
	240.879	218.540

7. Afskriftir og virðisrýrnun

	2026 1.1. - 30.6.	2025 1.1. - 30.6.
Afskriftir og virðisrýrnun greinast þannig:		
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	8.694.621	8.081.870
Afskriftir óefnislegra eigna	471.094	401.265
Afskrift leigueignar	55.676	74.070
Afskriftir og virðisrýrnun færð í rekstrarreikning	9.221.391	8.557.205

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2026 1.1. - 30.6.	2025 1.1. - 30.6.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur	392.869	715.774
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur	(4.209.449)	(4.188.864)
Áfallnar verðbætur	(5.529.356)	(3.458.413)
Ábyrgðargjald til eigenda 1)	(123.374)	(157.454)
Vaxtagjöld samtals	(9.862.180)	(7.804.731)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum	(555.845)	240.160
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur	426.947	256.322
Óinnleystar gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga	283.101	(107.977)
Gengismunur	119.950	216.387
Arðstekjur	149.724	149.266
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum samtals	423.876	754.158
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(9.045.435)	(6.334.798)

1) Samstæðan greiddi ábyrgðargjald til eigenda Orkuveitunnar vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar Orkuveitunnar árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 1,01% (2025: 0,92%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,66% (2025: 0,69%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 123 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026 (1.1.-30.6.2025: 157 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 40 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2025. Gangvirðisbreyting sem færð er til tekna í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 154 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026 (1.1.-30.6.2025: tekjufærsla að fjárhæð 389 milljónir kr.). Gangvirðisbreytingar sem tilheyra fjáreignum og fjárskuldum sem flokkaðar eru á stigi 3 er gjaldfærsla að fjárhæð 556 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026 (1.1.-30.6.2025: tekjufærsla að fjárhæð 240 milljónir kr.).

9. Viðskiptakröfur og fyrirfram innheimtar tekjur

Staða viðskiptakrafna og staða fyrirfram innheimtra tekna breytist talsvert milli tímabila þar sem smásala er innheimt með jöfnum greiðslum en raunnotkun sveiflast talsvert á milli tímabila. Einnig eru vatns- og fráveitugjöld reikningsfærð á fyrstu níu mánuðum ársins en þeim tekjum er dreift jafnt á allt árið. Skráning tekna fer eftir notkun og afhendingu þjónustunnar í samræmi við reikningsskilareglur.

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

30.6.2026	Framleiðslu-kerfi	Veitu-kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa-fjármunir	Samtals
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	408.822.018	529.442.094	17.759.688	8.947.768	964.971.568
Viðbætur á tímabilinu	7.745.611	6.139.674	120.565	243.017	14.248.867
Endurflokkun eigna	631	(39.673)	0	(579)	(39.621)
Þýðingarmunur	1.408.808	0	0	(13.255)	1.395.553
Selt og aflagt á tímabilinu	116.481	0	0	(453.132)	(336.651)
Staða í lok tímabilsins	418.093.549	535.542.095	17.880.253	8.723.819	980.239.715
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	199.602.358	285.628.608	1.545.654	2.932.879	489.709.500
Afskrifað á tímabilinu	4.141.856	4.117.669	167.788	267.308	8.694.621
Endurflokkun eigna	(1.028)	(2.172)	0	1.028	(2.172)
Þýðingarmunur	461.955	0	0	(4.032)	457.923
Selt og aflagt á tímabilinu	4.683	0	0	(381.487)	(376.804)
Staða í lok tímabilsins	204.209.823	289.744.105	1.713.442	2.815.697	498.483.067
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2026	209.219.660	243.813.486	16.214.033	6.014.888	475.262.068
Bókfært verð 30.6.2026	213.883.726	245.797.990	16.166.810	5.908.122	481.756.648

31.12.2025	Framleiðslu-kerfi	Veitu-kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa-fjármunir	Samtals
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	389.497.984	484.531.446	15.676.905	6.557.355	896.263.689
Viðbætur á árinu	13.225.254	13.469.284	2.229.096	2.575.172	31.498.806
Endurflokkun eigna	0	0	0	52	52
Endurmat, hækkun	20.964.119	31.444.928	0	0	52.409.047
Þýðingarmunur	(14.986.644)	0	0	53.981	(14.932.662)
Selt og aflagt á árinu	121.305	(3.563)	(146.313)	(238.793)	(267.364)
Staða í árslok	408.822.018	529.442.094	17.759.688	8.947.768	964.971.568
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	183.562.578	259.398.471	1.354.626	2.632.383	446.948.058
Afskrifað á árinu	7.906.189	7.820.137	232.456	444.519	16.403.301
Endurflokkun eigna	746	0	0	(742)	4
Endurmat, hækkun	12.409.076	18.410.117	0	0	30.819.194
Þýðingarmunur	(4.231.405)	0	0	2.829	(4.228.577)
Selt og aflagt á árinu	(44.827)	(117)	(41.428)	(146.109)	(232.481)
Staða í árslok	199.602.358	285.628.608	1.545.654	2.932.879	489.709.500
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2025	205.935.405	225.132.975	14.322.278	3.924.973	449.315.631
Bókfært verð 31.12.2025	209.219.660	243.813.486	16.214.033	6.014.888	475.262.068

11. Óefnislegar eignir

30.6.2026	Hita-réttindi	Hugbúnaður	Þróunareignir	Viðskipta-sambönd	Samtals
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	1.513.758	7.505.328	1.302.186	1.908.000	12.229.273
Viðbætur á tímabilinu	0	724.853	14.860	0	739.712
Endurflokkun eigna	0	39.673	(52)	0	39.621
Þýðingarmunur	0	0	(23.252)	0	(23.252)
Selt og aflagt á tímabilinu	0	(146.451)	(69.301)	0	(215.752)
Staða í lok tímabilsins	1.513.758	8.123.403	1.224.440	1.908.000	12.769.602
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	457.768	4.236.374	138.974	389.873	5.222.990
Afskrifað á tímabilinu	0	328.635	54.452	88.006	471.094
Endurflokkun eigna	0	2.172	0	0	2.172
Þýðingarmunur	1	0	(1.404)	0	(1.403)
Selt og aflagt á tímabilinu	0	(145.803)	0	0	(145.803)
Staða í lok tímabilsins	457.769	4.421.379	192.022	477.880	5.549.051
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2026	1.055.990	3.268.954	1.163.212	1.518.127	7.006.283
Bókfært verð 30.6.2026	1.055.989	3.702.024	1.032.418	1.430.120	7.220.551
31.12.2025					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	1.513.758	6.371.718	727.185	1.908.000	10.520.662
Viðbætur á árinu	0	1.133.610	563.750	0	1.697.360
Endurflokkun eigna	0	0	(52)	0	(52)
Þýðingarmunur	0	0	21.376	0	21.376
Selt og aflagt á árinu	0	0	(10.074)	0	(10.074)
Staða í árslok	1.513.758	7.505.328	1.302.186	1.908.000	12.229.273
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	457.768	3.525.273	77.692	213.860	4.274.594
Afskrifað á árinu	0	711.101	60.238	176.013	947.352
Þýðingarmunur	0	0	1.044	0	1.044
Staða í árslok	457.768	4.236.374	138.974	389.873	5.222.990
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2025	1.055.990	2.846.446	649.493	1.694.140	6.246.068
Bókfært verð 31.12.2025	1.055.990	3.268.954	1.163.212	1.518.127	7.006.283

12. Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda á uppgjörsdegi er jafnt og gangvirði þeirra, fyrir utan vaxtaberandi skuldir sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	30.6.2026		31.12.2025	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	217.442.672	210.406.729	212.093.872	204.694.239

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta, sem er afvaxtað með markaðsvöxtum, auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörsdegi. Gangvirði vaxtaberandi skulda þar sem beint eða óbeint markaðsverð er til staðar er metið sem 1. stigs gangvirði. Gangvirði fyrir skuldbindingar sem ekki er unnt að afla beinnar eða óbeinnar verðlagningar er metið sem 2. stigs gangvirði.

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörsdegi þegar vænt sjóðstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	30.6.2026	31.12.2025
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	7,22% - 7,53%	7,72% - 8,31%
Áhættuvarnarsamningar	3,69% - 3,79%	3,57% - 4,00%
Vaxtaberandi skuldir	1,25% - 10,07%	1,53% - 9,12%

Næmnigreiningar á áhrif breytinga á vaxtastigi, gengi gjaldmiðla og álverði eru sýndar í skýringu 28 með ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2025. Bent er á að hafa þessa skýringu til hliðsjónar við lestur árshlutareikningsins þar sem breyting á þessum forsendum hefur talsverð áhrif á ýmsar stærðir í reikningsskilum samstæðunnar.

Stig gangvirðis

Taflan sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í reikningsskilin, flokkaða eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgefnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleidd af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru byggðar á gögnum sem ekki er unnt að öllu leyti að afla á markaði. Verðmat á eignarhlutum í félögum er unnið af starfsfólki Orkuveitunnar og ytri sérfræðingum og byggir á afkomu og opinberum gögnum um framtíðartekjur og framtíðarfjárfestingar undirliggjandi eigna.

30.6.2026	**Stig 1**	**Stig 2**	**Stig 3**	**Samtals**
Eignarhlutir í félögum	0	0	6.230.898	6.230.898
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0	3.154.679	3.154.679
Áhættuvarnarsamningar	0	(818.409)	0	(818.409)
Markaðsverðbréf	14.772.283	0	0	14.772.283
	14.772.283	(818.409)	9.385.577	23.339.452
31.12.2025				
Eignarhlutir í félögum	0	0	6.230.898	6.230.898
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0	3.710.524	3.710.524
Áhættuvarnarsamningar	0	(1.101.510)	0	(1.101.510)
Markaðsverðbréf	15.364.438	0	0	15.364.438
	15.364.438	(1.101.510)	9.941.422	24.204.350

13. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn borgarinnar, hlutdeildarfélög, stjórnarfólk og lykilstjórnendur samstæðunnar eru skilgreind sem tengdir aðilar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Framangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við samstæðuna á tímabilinu.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu viðskipti við tengda aðila á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026, ásamt yfirliti um kröfur og skuldir samstæðunnar við þessa aðila í lok tímabilsins. Viðskiptum og stöðum milli félaga innan samstæðunnar er eytt út í samstæðuárshlutareikningnum og því ekki tilgreind. Upplýsingarnar ná ekki til sölu samstæðunnar á hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila.

	2026	**2025**
	1.1. - 30.6.	**1.1. - 30.6.**
Sala til tengdra aðila á tímabilinu var eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	1.244.901	1.112.746
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	487.657	487.004
Hlutdeildarfélög	720	0
	1.733.278	1.599.750
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á tímabilinu voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	202.968	214.164
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	4.544	10.184
Hlutdeildarfélög	62.041	58.671
	269.553	283.019

	30.6.2026	**31.12.2025**
Kröfur á hendur tengdum aðilum í lok tímabilsins voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	42.324	12.637
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	26.494	13.128
	68.818	25.765
Skuldir við tengda aðila í lok tímabilsins voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	85.327	93.165
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	2	1.162
	85.329	94.327

	2026	**2025**
	1.1. - 30.6.	**1.1. - 30.6.**
Ábyrgðargjald greitt til eigenda á tímabilinu:		
Reykjavíkurborg	115.403	147.281
Akraneskaupstaður	6.820	8.704
Borgarbyggð	1.151	1.469
	123.374	157.454

Ábyrgðargjald greitt til eigenda í ofangreindu yfirliti er fært meðal vaxtagjalda í rekstrarreikningi. Sjá umfjöllun um ábyrgðargjaldið í skýringu 8. Fjallað er um laun stjórnenda í skýringu 6.

14. Önnur mál

Rekstrartruflun hjá Norðuráli á Grundartanga

Þann 21. október 2025 varð rekstrartruflun hjá Norðuráli á Grundartanga þegar bilun kom upp í tveimur spennum. Framleiðsla álversins stöðvaðist að hluta og tekur Norðurál aðeins við óverulegum hluta af samningsbundnu magni. Norðurál er einn stærsti viðskiptavinur ON Power eins af dótturfélögum Orkuveitunnar og hefur stöðvunin því umtalsverð áhrif á rekstur ON Power og þar með á rekstur Orkuveitunnar. Aðilum kemur ekki saman um hvort Norðuráli beri að standa við kaupskyldu samnings og greiða fyrir samningsbundið magn þrátt fyrir að veita því ekki viðtöku en Norðurál ber fyrir sig Force Majeure aðstæður. Slíku hefur ON Power hafnað og hafa Orkuveitan og ON Power hafið gerðardómsmeðferð til að fá úr því skorið. Uppkeyrsla álversins hófst í apríl 2026 og gert er ráð fyrir að fullu afli verði náð á fjórða ársfjórðungi 2026.

Þá er uppi óvissa um greiðsluskyldu ON Power gagnvart Landsneti vegna flutningssamnings aðila og byggir hún á áþekkum forsendum og að framan greinir. ON Power hefur hingað til einungis greitt fyrir flutt orkumagn og mældan afltopp síðan rekstrarbilun Norðuráls átti sér stað. Á uppgjörsdegi er mismunurinn á greiddum reikningum og þeim sem hafa verið útgefnir af Landsneti rúmar 404 milljónir kr. frá því í október 2025. Enn er beðið formlegra viðbragða frá Landsneti um afstöðu fyrirtækisins en þrátt fyrir það má gera ráð fyrir að málið fari í ágreining og að leysa þurfi það fyrir dómstólum.

Sala á eignarhlut í Landsneti

Undanfarin misseri hefur verið stefnt að sölu eignarhlutar Orkuveitunnar í Landsneti, þar sem í raforkulögum er kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Í árslok 2020 samþykkti stjórn Orkuveitunnar að viljayfirlýsing um breytingu á eignarhaldi Landsnets yrði undirrituð og að ganga til viðræðna um sölu eignarhlutarins. Ekki hefur tekist að ganga frá sölu á hlut Orkuveitunnar þrátt fyrir lagaskyldu þar að lútandi. Bókfært verð eignarhlutarins er metið á 6.207 milljónir kr. þann 30.06.2026. Eignarhluturinn er færður meðal fastafjármuna. Orkuveitan hefur hafið að nýju samtal við fjármálaráðuneytið um möguleg kaup þess á eignarhlutnum.

Arður til eigenda

Arðgreiðsla að fjárhæð 4.500 milljónir kr. var samþykkt á aðalfundi 17. apríl 2026. Þar af eru 3.500 milljónir kr. án fyrirvara og koma til greiðslu 14. ágúst og því færðar meðal sammtímaskulda 30.6.2026. Útgreiðsla 1.000 milljóna kr. er háð hagfelldri niðurstöðu óvissuþátta. Samþykktin felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2025-2027.

15. Atburðir eftir reikningsskiladag

Stjórnendum er ekki kunnugt um aðra atburði sem hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags og höfðu áhrif á árshlutareikninginn eða veita þarf upplýsingar um.